

2. fundur Starfshóps um samráð og stefnumótun aldraðra, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 11. janúar 2017 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir aðalmaður, Jóhannes Finnur Halldórsson aðalmaður, Júlíus Már Þórarinnsson aðalmaður og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

Fundargerð ritaði: Laufey Jónsdóttir, verkefnastjóri.

Til fundarins mættu Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnamála og Hildur Karen Aðalsteinsdóttir ípróttafulltrúi ÍA.

Fyrir tekið:

1. 1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra - Frístundamál og ípróttir

Á fyrsta fundir starfshópsins var ákveðið að boða Heiðrúnu Janusardóttur verkefnisstjóra æskulýðs- og forvarnamála til fundar í starfshópnum. Einnig var ákveðið fyrir fundinn að boða Hildi Karen Aðalsteinsdóttur ípróttafulltrúa ÍA á fundinn.

Umræða var um samstarf við frístundaráðgjafa í þjónustu við þriðju kynslóðina. Heiðrún kynnti þá hugmyndafræði sem gildi um tómstundaráðgjöf.

Starfshópurinn lagði til að Þorpið tæki að sér frístundaráðgjöf við þriðju kynslóðina og sú þjónusta byrjaði sem fyrst.

Umræða var um þátt ÍA í þjónustu við þriðju kynslóðina. Ýmsar hugmyndir voru ræddar.

Ákveðið var að Heiðrún og Hildur Karen móti þau tilboð sem í boði eru og kynni sínar hugmyndir fyrir lok febrúar.

Hildur Karen og Heiðrún fóru af fundi kl. 18.00

2. 1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra - Kynnisferð til Tönder

Kynning á ferð sem farin var til Tönder í september 2016 til að kynna þjónustu við eldri borgara.

Ákveðið var að halda kynningu á þeirri ferð fyrir almenning. Tímasetning auglýst síðar.

3. 1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra - Önnur mál

Farið var yfir erindi sem hafa borist starfshópnum og þau verkefni sem eru framundan.

Næsti fundur haldinn miðvikudaginn 25. janúar kl. 17.00

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Jóhannes Finnur Halldórsson, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir, Laufey Jónsdóttir, Svala Kristín Hreinsdóttir, Júlíus Már Þórarinnsson